

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 15. desember 1992****um örverufræðilegar viðmiðanir við framleiðslu soðinna krabba- og lindýra****(93/51/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, einkum 4. lið II. hluta V. kafla í viðaukanum,

Í viðauka þessarar ákvörðunar eru settir örverufræðilegir staðlar sem gilda um framleiðslu soðinna krabba- og lindýra, sbr. c-lið 7. liðar IV. hluta IV. kafla í viðauka tilskipunar 91/493/EBE.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**2. gr.*

Samkvæmt c-lið 7. liðar IV. hluta IV. kafla í viðauka við tilskipun 91/493/EBE skulu framleiðendur soðinna krabba- og lindýra láta fara fram örverufræðilegt eftirlit með framleiðslunni með reglulegu millibili í samræmi við staðlana sem settir verða samkvæmt 4. lið II. hluta V. kafla viðaukans.

Framleiðandinn skal hafa eftirlit með örverufræðilegum stöðlunum við framleiðsluna og áður en krabba- og lindýrafurðirnar, sem soðnar eru í vinnlustöðinni og samþykktar í samræmi við 7. gr. tilskipunar 91/493/EBE, eru settar á markaðinn.

3. gr.

Með verndun almannaheilbrigðis fyrir augum ber að ákvarða leyfilegt hámark gerlamengunar og sýni niðurstöðurnar meiri mengun teljast þær ekki ásættanlegar án þess þó að varan sé þar með talin eitruð. Fari mengunin yfir þessi ásættanlegu mörk verða framleiðendur að kanna orsakir þess og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

1. Stjórnendur vinnlustöðvarinnar skulu gera úrtaksáætlanir með hliðsjón af eðli afurðanna (heilar, skelflett- ar eða skelskornar), hitastigi og suðutíma og áhættumati og skulu þær uppfylla kröfur 6. gr. tilskipunar 91/493/EBE.

Greiningaraðferðin verður ákveðin síðar í ljósi rannsókna sem þegar eru hafnar. Fram að því ber að beita alþjóðlega viðurkenndum aðferðum.

2. Í áætlununum sem um getur í 1. mgr. skal, í þeim tilvikum að stöðlunum í 1. og 2. lið viðaukans sé ekki hlítt, vera skuldbinding þess efnis að:

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

— tilkynna skuli lögbæru yfirvöldunum annars vegar um niðurstöðurnar og til hvaða aðgerða hefur verið gripið vegna framleiðslulotnanna sem fullnægja ekki stöðlunum og hins vegar um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í öðrum undirlið hér á eftir,

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

- endurskoða skuli og hafa umsjón og eftirlit með áhættu-
stöðum til að finna upptök mengunarinnar og auka tíðni
efnagreininga,
- ekki skuli setja framleiðslulotur á markaðinn til mann-
eldis ef þær uppfylla ekki staðlana vegna smitefna sem
hafa fundist í þeim eða eru yfir M-gildinu fyrir klasa-
hnettlur (*Staphylococcus*) sem kveðið er á um í 2. lið
viðaukans.

4. gr.

Þar til örverufræðilegar greiningaraðferðir hafa verið
ákveðnar innan bandalagsins skulu greiningaraðferðirnar,
sem notaðar eru til að sannprófa örverufræðilegu staðlana
sem mælt er fyrir um í viðaukanum, vera fræðilega viður-

kenndar á alþjóðavettvangi og gildi þeirra sannað. Tilgreina
skal greiningaraðferðina sem er notuð og niðurstöðurnar
sem fást.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. Smitefni

Tegund smitefnis	Staðall
<i>Salmonella</i> spp.	Finnst ekki í 25 g n = 5 c = 0

Að auki mega smitefni og eiturefni þeirra sem leitað er að við áhættumatið ekki vera til staðar í því magni sem hefur áhrif á heilsu neytenda.

2. Lífverur sem gefa til kynna að hollustuháttum sé áfátt (skelflettar eða skelskornar afurðir)

Tegund lífveru	Staðall (í g)
<i>Staphylococcus aureus</i>	m = 100 M = 1 000 n = 5 c = 2
annaðhvort: hitaþolnir kólígerlar (44 °C á föstum miðli)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
eða: <i>Escherichia coli</i> (á föstum miðli)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 1

Færibreyturnar n, m, M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = fjöldi eininga í sýni,

m = leyfilegt hámark, allar niðurstöður undir því teljast fullnægjandi,

M = ásættanleg mörk, allar niðurstöður yfir því teljast ófullnægjandi,

c = fjöldi eininga í sýni sem sýna gerlatalningu milli m and M.

Gæði framleiðslulotu teljast:

a) fullnægjandi ef öll mæld gildi eru 3m eða minna;

b) fullnægjandi ef mæld gildi eru milli 3m og 10m (= M) þegar c/n er 2/5 eða minna.

Gæði framleiðslulotu teljast ófullnægjandi:

— ávallt þegar mæld gildi eru hærri en M,

— þegar c/n er hærra en 2/5.

3. Bendilífverur (til viðmiðunar)

Tegund lífvera	Staðall (í g)
Miðsæknar loftháðar bakteríur (30 °C)	
a) Heilar afurðir	m = 10 000 M = 100 000 n = 5 c = 2
b) Skelflettar eða skelskornar afurðir, að krabbakjöti undanskildu	m = 50 000 M = 500 000 n = 5 c = 2
(c) Krabbakjöt	m = 100 000 M = 1 000 000 n = 5 c = 2

Viðmiðunartölurnar eiga að hjálpa framleiðendum til að dæma hvort starfshættir vinnslustöðva þeirra séu fullnægjandi og aðstoða þá við að koma framleiðsluefirliti í framkvæmd.